

## Svar

### mennta- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Eyjólfí ÁrmanNSSyni um samninga um skólapbjónustu.

1. *Hvaða einkaaðilar hafa gert samninga við sveitarfélög um framkvæmd lögbundinnar skólapbjónustu grunnskóla undanfarinn áratug, svo sem um rekstur grunnskóla, innleiðingu nýrra kennsluaðferða, gerð námsefnis og fleira þess háttar?*

Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, skulu sveitarfélög tryggja að skólapbjónusta sé veitt í grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan grunnskóla. Í skólapbjónustu felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi grunnskóla og starfsfólk þeirra. Í reglugerð um skólapbjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, nr. 444/2019, er því m.a. lýst hvað felst í inntaki og markmiði skólapbjónustu. Með hliðsjón af framangreindu felst rekstur grunnskóla, svo sem rekstur sérskóla, skv. 42. gr. laga um grunnskóla, og rekstur sjálfstætt rekinna grunnskóla, sbr. X. kafla sömu laga, ekki í lögbundinni skólapbjónustu. Þá er rétt að taka fram að gerð námsefnis er lögbundið hlutverk Menntamálastofnunar, sbr. lög um Menntamálastofnun, nr. 91/2015.

Skólapbjónusta sveitarfélaga og skipulag hennar hefur tekið á sig margvíslegar myndir. Í flestum tilvikum eru sveitarfélög annaðhvort með eigin skólapbjónustu með föstum starfsmönnum eða eigin skólapbjónustu og aðkeypta þjónustu í bland. Í einhverjum tilvikum er skólapbjónustan samstarfsverkefni í formi byggðasamlags og í sumum tilvikum er um að ræða annars konar fyrirkomulag. Í undantekningartilvikum er engin formleg skólapbjónustu til staðar.<sup>1</sup> Þá hefur vinna við gerð frumvarps um skólapbjónustu varpað ljósi á að skólapbjónusta er skilgreind með ólíkum hætti milli sveitarfélaga og hvað felst í þeirri þjónustu. Þar af leiðandi hefur skólapbjónusta verið útfærð á ólíkan hátt milli sveitarfélaga enda hefur þjónustan sem slik ekki verið samhæfð fram til þessa. Með frumvarpi um skólapbjónustu er gert ráð fyrir að ráða bót á þessu.

Í tilefni fyrirspurnarinnar óskaði ráðuneytið eftir umbeðnum upplýsingum frá sveitarfélögum. Viðbrögð bárust frá 41 sveitarfélagi og í meiri hluta tilvika átti ekki við að sveitarfélög hafi gert samninga við einkaaðila eða Miðstöð skólapróunar við Háskólann á Akureyri (MSHA). Þó verður að hafa til hliðsjónar annars vegar áðurnefnt fyrirkomulag skólapbjónustu og að svörin geta þannig náð m.a. til fleiri sveitarfélaga en viðbrögð bárust frá þar sem í einhverjum tilvikum getur verið um að ræða byggðasamlag um skólapbjónustu. Hins vegar þarf einnig að hafa til hliðsjónar að skilgreining á því hvað felst í skólapbjónustu getur verið ólík á milli sveitarfélaga. Að lokum skal tekið fram að svör sveitarfélaganna byggjast m.a. á upplýsingum sem þau hafa aðgang að en misjafnt var eftir sveitarfélögum hvort fyrir lágu upplýsingar um samninga um lögbundna skólapbjónustu sem einstakir skólar gera við einkaaðila eða MSHA og greiða fyrir af sínum fjárfamlögum.

<sup>1</sup> Skólapbjónusta sveitarfélaga við leik- og grunnskóla. Niðurstöður spurningakönnunar til leikstjóra, grunnskólastjóra og forsvarsáðila skólapbjónustu.

Í eftirfarandi töflu má sjá yfirlit yfir þá einkaaðila sem sveitarfélög hafa gert samninga við um framkvæmd skólapjónustu grunnskóla undanfarinn áratug. Þá er sundurgreindur eftir aðilum sá heildarkostnaður sveitarfélaga sem þau hafa greitt til viðkomandi undanfarinn áratug. Ekki lágu tölulegar upplýsingar fyrir í öllum tilvikum og í einhverjum tilvikum er þjónustan nefnd en ekki tilgreint hvaða einkaaðila er um að ræða.

Einkaaðilar	Sveitarfélag	Heildarkostnaður undanfarinn áratug
Ásgarður (AIS ehf., áður Trappa ehf.)	Reykjavíkurborg	4.655.586
Ásgarður (AIS ehf., áður Trappa ehf.)	Bolungarvíkurkaupstaður	Kostnaður ekki tilgreindur
Ásgarður (AIS ehf., áður Trappa ehf.)	Fjallabyggð	3.191.959
Ásgarður (AIS ehf., áður Trappa ehf.)	Húnaþing vestra	7.734.004
Ásgarður (AIS ehf., áður Trappa ehf.)	Múlaþing	3.319.496,00
Ásgarður (AIS ehf., áður Trappa ehf.)	Hörgársveit	99.500
Ásgarður (AIS ehf., áður Trappa ehf.)	Dalabyggð	Kostnaður ekki tilgreindur
Ásgarður (AIS ehf., áður Trappa ehf.)	Norðurþing	4.630.000
Einstaka skólar gert samninga við einkaaðila, t.d. Skólastofuna hf. og KVAN	Reykjavíkurborg	Liggur ekki fyrir
Gloppa ehf.	Hörgársveit	31.400
Hegðunarlausnir	Múlaþing	2.482.500
Hugarfrels i ehf.	Hörgársveit	477.750
Jákvæður agi Aníta Jónsdóttir	Hörgársveit	109.482
Jákvæður agi Jóníma Hauksdóttir	Hörgársveit	37.000
Kristín Heimisdóttir sálfræðingur	Norðurþing	1.260.000
Kvan	Múlaþing	3.500.000
Landvernd	Múlaþing	180.000
Lítla kvíðameðferðarstöðin	Bolungarvíkurkaupstaður	Kostnaður ekki tilgreindur
Magnús Baldursson sálfræðingur	Húnaþing vestra	610.690
MSHA	Akureyrabær	17.400.000
MSHA	Múlaþing	2.895.020
MSHA	Hvalfjarðarsveit	1.400.040
MSHA	Dalvíkurbyggð	4.000.000
Náttúruskólinn	Múlaþing	260.000
Nína Guðrún Guðjónsdóttir sálfræðingur	Vestmannaeyjabær	1.008.000
Penguin slf.	Hörgársveit	189.861
PMTO Dalrós Jóhanna Halldórsdóttir	Hörgársveit	150.000
PMTO Guðbjörg Ingimundardóttir	Hörgársveit	150.000
Reykjavíkurborg, tungumálaver	Múlaþing	195.689
Samtökin '78	Múlaþing	112.600
Sálfræðistofa Norðurlands	Fjallabyggð	6.704.862
Sálfræðipjónusta (aðilar ekki tilgreindir)	Dalvíkurbyggð	2.000.000
Sálfræðipjónusta (aðilar ekki tilgreindir)	Skagafjörður	101.374.594
Sálsstofan	Múlaþing	33.944.269
Sensus slf.	Húnaþing vestra	14.230.500
Talmál slf.	Vestmannaeyjabær	6.489.425
Talmeinafræðingar	Hörgársveit	1.701.746
Talmeinafræðingar	Dalvíkurbyggð	1.000.000
Talmeinabjónusta (Sonja Magnúsdóttir og Eyrún Svava Ingvadóttir)	Norðurþing	2.000.000
Talbjálfur Norðurlands ehf.	Fjallabyggð	2.176.530
Thelma Gunnarsdóttir sálfræðingur	Vestmannaeyjabær	2.646.000
Verktakasamningar við sálfræðinga/talmeinafræðinga	Reykjavíkurborg	Liggur ekki fyrir
Verktakasamningar við sálfræðinga/talmeinafræðinga	Félags- og skólapjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu	Kostnaður ekki tilgreindur

2. *Hve mikið hafa sveitarfélög greitt til einkaaðila vegna slíkra samninga undanfarinn áratug? Svar óskast sundurgreint eftir aðilum.*

Sjá töflu í 1. tölul. fyrirspurnarinnar.

3. *Hvaða sveitarfélög hafa gert samninga við Miðstöð skólapróunar við Háskólann á Akureyri (MSHA) um lögbundna skólapjónustu?*

Í eftirfarandi töflu má sjá yfirlit yfir þau sveitarfélög sem hafa gert samninga við MSHA ásamt yfirliti yfir hvers konar skólapjónustu er um að ræða og kostnað undanfarin fimm ár.

Sveitarfélag	Bjónusta	2022	2021	2020	2019	2018
Akureyrarbær	Starfsþróun af ýmsu tagi. Kennsluráðgjöf, ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsfólk. Stuðningur við ýmiss konar málþing. Stuðningur við byrjendalæsi.	16.800.000	17.064.926	18.713.920	20.676.000	20.676.000
Dalvíkurbyggð	Ekki tilgreint	5.490.209	3.991.602	2.018.976	0	0
Fjallabyggð	Ráðgjöf vegna byrjendalæsis	176.000	88.000	0	0	0
Húnaþing vestra	Byrjendalæsi, námskeið og starfsþróun	0	0	144.000	85.000	266.500
Hvalfjarðarsveit	Hvalfjarðarsveit gerði samning við MSHA um ráðgjafarþjónustu við grunnskólanum sem tekur til stjórnunar, kennsluráðgjafar og starfsþróunar.	1.004.040	0	0	0	0
Hörgársveit	Kennsluráðgjöf	694.430	100.000	129.500	361.800	68.000
Múlaþing	Múlaþing hefur gert samning við MSHA við innleiðingu á breyttum kennsluháttum, Leiðsagnarnámi. Einig hafa einstaka skóla gert samkomulag við MSHA um innleiðingu, ráðgjöf og effurfylgd á byrjendalæsi.	1.119.856	1.213.164	0	0	0
Norðurþing	Sveitarfélagið hefur ekki gert samning við MSHA um skólapjónustu en Borgarhóllsskóli er með samning við MSHA vegna byrjendalæsis.	0	0	362.000	800.000	500.000
Reykjavíkurborg	Frá árinu 2013 hefur skrifstofa skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar ekki gert miðlægan samning við MSHA vegna skólapjónustu við grunnskóla heldur hafa einstaka skólar gert samning við MSHA um ráðgjöf og fræðslu og greitt fyrir þá þjónustu af sínum fjárfanlögum	0	0	0	0	0
Skagafjörður	Kennsluráðgjöf. Innleiðing teymikennlsu og byrjendalæsis	1.085.009	548.434	306.800	381.321	721.613
Svalbarðsstrandarhreppur	Sí- og endurmenntun og ráðgjöf fyrir kennara. Sí- og endurmenntun og ráðgjöf fyrir stjórnendur.	1.103.490	1.100.520	1.108.144	543.229	379.700

4. *Hvers konar lögbundin skólapjónusta fer fram á grundvelli samninga sveitarfélaga við MSHA?*

Sjá töflu í 3. tölul. fyrirspurnarinnar.

5. *Hve mikið hafa sveitarfélög greitt fyrir þjónustu MSHA á hverju ári undanfarin fimm ár?*

Sjá töflu í 3. tölul. fyrirspurnarinnar.

6. *Hver er kostnaður af innleiðingu byrjendalæsis í grunnskólum landsins á vegum MSHA, hvernig dreifist hann á skóla og hvaða aðilar fá greiðslur vegna innleiðingar og ráðgjafar vegna hennar og hve miklar?*

Samkvæmt þeim svörum sem bárust frá sveitarfélögunum má ráða að í einhverjum tilvikum eigi þessi spurning ekki við eða að ekki liggi fyrir með haldbærum hætti hver kostnaðurinn er af innleiðingu byrjendalæsis í grunnskólum landsins á vegum MSHA eða hvernig hann dreifist á skóla. Af svörum sveitarfélaganna má þó ráða að aðrir aðilar hafa ekki fengið greiðslur vegna innleiðingar og ráðgjafar vegna byrjendalæsis.

7. *Eru aðrar lestrarkennsluaðferðir en byrjendalæsi innleiddar eða í innleiðingu í grunnskólum landsins?*

Sveitarfélög nefndu fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir sem hafa verið innleiddar þegar kemur að lestrarkennslu og lestrarþjálfun í grunnskólum. Dæmi um aðrar lestrarkennsluaðferðir sem eru innleiddar eða í innleiðingu í grunnskólum landsins eru eftirfarandi:

- Eitt skref í einu.
- G-Pal.
- Heildaraðferð.
- Hljóðaðferð.
- Hugtakakort.
- Kórlestur.
- K-Pal.
- Kveikjum neistann.
- Lesferill.
- Lestur á talmálsgrunni (LTG).
- Læsi fyrir lífið.
- Læsisfimman.
- Orð af orði.
- Orðhlutaleið.
- PALS.